

Markvisst leiðsagnarmat 2017 – 2018



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Nafn verkefnisins: Markvisst leiðsagnarmat

Nafn verkefnisstjóra: Súsanna Margrét Gestsdóttir

Númer samningsins og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS. 25. 2017 – 2018

Markmið verkefnisins skv. umsókn

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er einn af stærstu framhaldsskólum landsins og í þessu verkefni er allur skólinn undir. Markmið verkefnisins er að leiðsagnarmat verði reglulegur hluti af námsmati í sem flestum deildum við skólann og að það verði nýtt á markvissan hátt til að styðja og efla það nám sem þar fer fram. Ástæðan fyrir því að leiðsagnarmat á sérlega vel heima í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er sá óvenju fjölbreytti nemendahópur sem þar stundar nám. Í skólanum er stór hópur nemenda af erlendum uppruna, nemendur með sértæka námsörðugleika, starfsnámsbraut fyrir nemendur með sérþarfir og almenn braut, auk starfsnáms á heilbrigðisbrautum og hefðbundið bóknám til stúdentsprófs. Mikilvægt er að mæta ólíkum þörfum þessara nemenda með vönduðu námsmati sem styður jafnt og þétt við námsframvindu þeirra og er það best gert með leiðsagnarmati sem fellur vel að vaxandi símati.

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat. Um megintilgang námsmats segir að hann sé sá að „að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig [nemendum] tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa“. Leiðsagnarmat sem veitir nemendum reglulegar upplýsingar um stöðu þeirra og námsframvindu á hér vel við og verðugt markmið að auka veg þess í skólanum öllum.

Þegar verkefninu lýkur er ætlunin að hópur kennara úr flestum eða öllum deildum skólans hafi hlotið nógu mikla þjálfun í notkun leiðsagnarmats til að geta af öryggi stutt samkennara sína við að innleiða það. Einu eða tveimur árum síðar verði leiðsagnarmat þannig orðið flestum kennurum tamt. Því verður fylgt eftir með könnun á námsmatsleiðum í skólanum.

Leiðir til að ná markmiði

Verkefnið var kynnt fyrir öllum starfsmannahópnum á fundi vorið 2017. Framtíð skólans var þá í mikilli óvissu vegna óvæntra fréttu um fyrirhugaða sameiningu hans við Tækniskólann og því voru ekki stigin frekari skref þá um vorið. Sem betur fer tókst að tryggja starfsemi skólans og um leið og skólastarf hófst um haustið var auglýst eftir þátttakendum í verkefninu. Tólf kennarar hófu þátttöku og var lögð áhersla á að þeir kæmu úr sem flestum deildum skólans, bæði bóknámi og verknámi (heilbrigðisskóla). Einn þessara kennara heltist úr lestinni en ellefu tóku þátt allt árið og skiluðu lokaskýrslu.

Á haustönn var einnig gerð óformleg könnun á notkun leiðsagnarmats í skólanum. Niðurstaðan var sú að u.þ.b. 25% kennara treystu sér til að fullyrða að þeir notuðu leiðsagnarmat af einhverju tagi.

Leiðsagnarmatshópurinn hittist fjórum sinnum á hvorri önn. Lesnar voru grundvallargreinar um leiðsagnarmat, bæði fræðilegar og skólastofumiðaðar, þær ræddar og þátttakendur mátuðu þær við eigin kennslu. Kennarar sögðu frá fyrirætlunum sínum varðandi leiðsagnarmat og ræddu sigra og ósigra jafnharðan í hópnum. Hópurinn deildi margvíslegum hugmyndum, bæði munnlega og skriflega, og meðlimir veittu hverjir öðrum hreinskiptna endurgjöf. Í lok beggja anna gerðu allir þátttakendur grein fyrir því hvað þeir hefðu verið að gera og hvernig til hefði tekist; í lok vorannar var þetta gert með formlegri skýrslu sem deilt var með öllum hópnum.

Tæpur helmingur hópsins tók einnig þátt í Erasmusverkefninu *Innovative Approaches to Teaching* og sóttu fjölþjóðlegt námskeið undir þeim hatti þar sem m.a. var rætt um fjölbreyttar leiðir til námsmats. Frá því var sagt ítarlega á fundi leiðsagnarmatshópsins og hugmyndum deilt.

Gestafyrirlesarar voru fengnir einu sinni á hvorri önn. Í lok september komu Lis Ruth Klörudóttir og Katrín Jónsdóttir og sögðu frá reynslu sinni af notkun leiðsagnarmats í dönskukennslu á grunnskólastigi þar sem námsmarkmið eru tengd viðfangsefnum á afar skýran hátt. Í janúarlök kom Sólveig Zophoníasdóttir frá Miðstöð skólaþróunar, deildi fjölbreyttu efni sem gagnast við leiðsagnarmat og ræddi margvísleg mál við hópinn.

Helstu hindranir

Hér er óþarfi að fjalla um þær breytingar sem gera þurfti á upprunalegri verkáætlun sem náði til tveggja ára í stað eins, eins og raunin varð. Hindranir í vegi þess verkefnis sem hleypt var af stokkunum í ágúst 2017 eru vart teljandi. Hins vegar varð kennurum tíðrætt um að að það sem einkum ynni gegn markvissri notkun leiðsagnarmats væri tregða sumra nemenda við að bera ábyrgð á eigin námi og leggja á sig þá vinnu sem þarf til að leiðsagnarmat komi að raunverulegum notum, þ.e. að bregðast við endurgjöf kennara af metnaði.

Helsti ávinningur og jákvæð atriði

Í kynningu þátttakenda í leiðsagnarmatshópi á kennsluráðstefnu sem haldin var í skólanum í lok apríl kom skýrt fram að þeir töldu mikinn ávinning af verkefninu. Í fyrsta lagi má nefna það sem ævinlega kemur fram þegar kennarar fá tækifæri til að staldra við á þennan hátt: hversu vel þeir kunna að meta tækifærið til að ræða kennslu sína í jafningjahópi og fá endurgjöf starfsfélaga sinna. Í öðru lagi töldu kennarar sig nú hafa traustan fræðilegan grunn til að byggja leiðsagnarmat sitt á og að auki aðgang að fjölda hagnýtra hugmynda sem styðja munu við það. Í þriðja og síðasta lagi hafði heppnast í sumum deildum að virkja samstarfsmenn og kveikja áhuga þeirra á leiðsagnarmati sem ætlunin er að vinna áfram með næsta vetur. Hið sama kom fram í ítarlegum lokaskýrslum sem allir þátttakendur skiluðu og þurftu þar að vísa í lesefni

vetrarins til að renna fræðilegum stoðum undir vangaveltur sínar. Hópurinn er staðráðinn í að halda áfram að hittast reglulega næsta vetur og býður öllum sem áhuga hafa að vera með.

Mat á verkefninu

Hér tókst vel til að búa til þéttan kjarnahóp kennara sem einbeittu sér af alefli að þróun leiðsagnarmats í áföngum sínum. Vissulega var í flestum tilfellum um að ræða kennara sem þegar höfðu tekið upp slíkar námsmatsaðferðir en fengu nú tækifæri til að þróa þær frekar, finna þeim stoð í fræðunum og efla þær með ennþá fleiri tækjum. Dreifiáhrifin sem stefnt var að virðast vera fyrir hendi því að sumir þátttakendur hafa fengið féлага sína í deildum til liðs við sig og öllum verður boðið að koma á fundi leiðsagnarmatshópsins næsta vetur.

Niðurstöður

Niðurstöður eru í stuttu máli þær að það markmið náðist að hópur kennara er orðinn nógu þjálfaður í notkun leiðsagnarmats til að geta beitt því af öryggi og stutt samkennara sem hafa hug á því sama. Vonir stjórnenda standa því til að hlutfall þeirra kennara sem geta með sanni sagt að þeir beiti leiðsagnarmati hækki úr 25% í 60% á næstu tveimur árum. Það verður því ekki metið til fulls fyrir en á skólaárinu 2019-2020. Sömuleiðis verður ekki um marktækar upplýsingar um áhrifin á frammistöðu nemenda að ræða fyrir en að nokkrum tíma liðnum því að hver hópur er öðrum ólíkur og nokkrar annir þurfa að líða til að hægt sé að bera saman útkomu í áföngum fyrir og eftir inngripið. Önnur greinileg niðurstaða verkefnisins er sú að kjarnahópurinn hefur stækkað umtalsvert því að fyrsti fundur haustsins 2018 hefur þegar farið fram. Bættust þá margir áhugasamir í hópin sem ætla að vinna að starfsþróun á markvissan og skipulagðan hátt í samstarfi við samkennara, bæði hvað varðar námsmat og kennsluhætti í víðara samhengi.


Áætlun um kynningu á afrakstri og helstu niðurstöðum

Eins og fram hefur komið kynntu þátttakendur leiðsagnarmatshópsins verkefnið og afrakstur þess á kennsluráðstefnu í skólanum í lok apríl. Á starfsmannafundi í byrjun desember var einnig sagt frá verkefninu, einkum í tengslum við ferð nokkurra þátttakenda á fjölþjóðlegt námskeið um nýjungar í kennsluháttum og námsmati skömmu áður. Til stendur að halda viðfangsefninu lifandi með því að ræða það á ný strax á fyrsta starfsmannafundi í haust og bjóða öllum sem áhuga hafa að koma á reglulega fundi kjarnahópsins næsta vetur. [Þetta hefur þegar hafist, sbr. niðurstöðukaflann hér að ofan].

Reykjavík, 14. júní 2018/19. september 2018



Verkefnisstjóri



Skólameistari

